

Margrét Jóna Ísleifsdóttir



Orð Guðbjargar í Múlakoti voru lög

Margrét Jóna Ísleifsdóttir er fædd 8. október 1924 að Miðkoti í Fljótshlíð en flutti á Hvolsvöll vorið 1942 og hefur búið þar síðan, þar af í sama húsinu í yfir 73 ár. Eiginmaður hennar var Pálmi Eyjólfsson, fulltrúi sýslumanns Rangæinga, sem andaðist 2005. Þau eignuðust þrjú börn, Guðríði Björk, Ingibjörgu og Ísólf Gylfa. Margrét starfaði sem tryggingafulltrúi hjá sýslumanni frá 1965 til 1995 og var með barnastúku í 11 ár. Hún er annáluð hannyrðakona og þrjónar og heklar mikið.

Eins og þessi frásögn ber með sér kynntist Margrét Jóna ung Múlakoti og heimilisfólkinu þar.

Erindi þetta var flutt á stofnfundi Vinafélags gamla bæjarins í Múlakoti 21. febrúar 2015.

Það er gaman að fá að vera með ykkur hérna í dag í fæðingarsveit minni. Ég óska ykkur innilega til hamingju með það að standa að uppbyggingu gamla bæjarins í Múlakoti og ekki spillir fyrir að hæfismenn eru þar að verki. Þegar hún Sigríður Hjartar bað mig um að segja eitthvað frá kynnum mínum af Múlakoti fann ég til vanmáttar en þegar ég er vel beðin þá á ég erfitt með að neita.

Mínar fyrstu minningar um Múlakot eru ljósin í garðinum hennar Guðbjargar, sem sáust svo vel frá Miðkoti, mér sýndist þetta vera ævintýraheimur. Milli foreldra minna og systkinanna í Múlakoti, Lilju og Ólafs, var þvítík tryggð að ég hef ekki öðru eins kynnst og ég naut alltaf góðs af. Þegar ég fór sjálf að búa á Hvolsvelli þá komu þessi systkin að heimsækja mig og þau skildu alltaf eftir sólskin í sálinni þegar þau fóru.

Ég kynntist fyrst sjálfu heimilinu í Múlakoti í janúar 1941, þegar ég var 16 ára gömul. Þá var ég beðin að koma að Múlakoti til að kenna dætrunum Lilju og Fjólu að lesa eða segja þeim til á öðrum sviðum: Þær voru mjög á eftir sínum jafnöldrum. Þessu boði gat ég ekki neitað og ég fór full áhuga og gleði til þessara starfa og ekki vantaði að góðar voru móttökurnar í

Múlakoti. Á heimilinu voru tvenn hjón, Túbal og Guðbjörg og Ólafur og Lára og börn þeirra Þrjú, Reynir, Lilja og Fjóla. Svo var þar hún Jónína Böðvarsdóttir, Nína mín, sem var eins og góður engill með opinn faðm á móti okkur öllum.

Ég var fljótlega bara eins og ein af þessari fjölskyldu. Þegar á fyrsta daginn leið var mér boðið til gömlu stofu sem er í huga mínum alveg dýrðarheimur. Þar átti ég að sofa við norðurvegginn. Í stofunni var uppblíð rúm og allur veggurinn var málverk og málverkið var Bleiksárgljúfur sem er mér aldeilis ógleymanlegt. Ég sé fyrir mér þessa mynd, bæði í vöku og svefni.

Fljótlega fór ég nú að verða eitthvað daufari í dálkinn en ætlast var til en þá kemur Ólafur til mín og segir: Magga komdu nú og sjáðu bókaskápinn minn, hér er fullt af bókum og þú mátt lesa allt sem þú villt.“ Mér fannst þetta vel boðið og þetta hressti nú hugann.

Hver dagur byrjaði með því að við fengum morgunverð og það var ekki að spyrja að því, það var hafragrautur, skyr og brauð og svo var það lýsið. Lýsi hafði ég aldrei getað tekið en hún Guðbjörg sem stjórnaði nú öllu best, gaf mér það náttúrulega ekki eftir, lýsi skyldi ég taka og lýsið fór upp í mig. Svo kom hún bara með kalt kaffi og segir mér að skella þessu í mig. Þetta gekk nú með látum fyrst en svo hlýddi ég og um það hef ég ekkert nema gott að segja.

Eftir hádegi þá var það mjög venjulegt að Guðbjörg tók fram stóra röndótta trefilinn sinn og þá vissi maður alveg hvað til síns friðar heyrði, þá átti að fara út og hreyfa sig. Þannig var hún langt á undan sinni samtíð eins og bara á öllum sviðum. Þessi kona sem mér finnst hafa stjórnað öllu hún þurfti aldrei að hækka róminn en það sem hún sagði voru lög og eftir því var farið.

Svo kemur nú að kennslustundunum. Það var dálítið erfitt að fá systkinin til þess að fylgjast með og áhuginn var lítill og kennarinn náttúrulega ungur. Það var helst þegar þau gátu lært einhverjar vísur og gátu sungið þær, þá vantaði ekki áhugann. Þær voru mjög lagvissar enda var það ættgengt og stundum veit ég ekki hvort þau voru meira að kenna mér, en allavega reyndi ég að gera það sem ég gat. Ég var svo heppin að heyra það eftir að ég var farin frá Múlakoti, að það hafi verið fenginn prófdómari til þess að fara yfir kennslustörfin og hann sagði: „þeim hefur farið fram.“ Og þetta var nú gott.

Mig langar til að lýsa Múlakotsbænum fyrir utan þessa elskulegu gömlu stofu sem ég hélt nú mest upp á. Baðstofan var alveg einstaklega hlýleg, þar voru rúm sinn hvorum megin við gluggann, í öðru rúminu svaf Guðbjörg en hinu Jónína og svo voru önnur rúm aftan við þessi fyrri sem ég nefndi. En í litla herberginu bakvið baðstofuna var Túbal, þar svaf hann og var þar oftast að deginum. Hann var ekki vel frískur þennan vetur sem ég var í Múlakoti og það fór lítið fyrir honum en maður vissi samt alltaf af honum. Á rúmunum voru mjög fallegar ábreiður í sauðalitunum, ofnar af húsfreyjunni Guðbjörgu. Það var sama hvað hún gerði, það var snilldin ein. Venjulega á daginn sátu þær á rúmunum sínum Guðbjörg og Jónína og þær voru ýmist að spinna á rokkana sína eða bara að þrjóna, ekki var nú iðjuleysið þar á bæ.

Þegar leið á tímann fannst mér að við þyrftum nú að fara að reyna að gera eitthvað af viti, framfarir voru ekki miklar svo ég fór að spyrja hvort ég gæti ekki gert eitthvað til þarfa. Jú, ég mundi geta þrjónað. Þá var komið með þennan fína rauðbrúna lopa og ég átti að þrjóna peysu á listmálarann sjálfan. Mér fannst þetta mikil tiltrú og tók mig til, mig minnir nú að Guðbjörg hafi fitjað upp fyrir mig en stroffið þrjónaði ég og svo þegar stroffinu lauk kom mynstrið og það var einfalt eins og perluprjón og sléttprjón og þessi peysa var þannig að hún var með V-hálsmáli. Svo var listi, hann var frekar fínn. Mig minnir að hún mamma mín hafi þrjónað hann fyrir mig í þrjónavél og sett þetta saman. Þetta var hin hlýlegasta flík og það gladdi mig innilega hve mörg ár listmálarinn gat verið í þessari peysu.

Svo var mér sett annað verkefni fyrir, það var að lesa Passíusálmana á föstunni. Ég færðist nú undan en það var alveg sama hvað var, hún Guðbjörg stjórnaði því sem öðru. Ég skyldi lesa þessa sálma og það varð mér til bjargar að heima hjá mér í Miðkoti voru ævinlega lesnir Passíusálmar og ég hálfkunni þessa sálma, svoleiðis að ég komst nú yfir þetta. Þegar búið var að lesa sálminn voru sungin svona tvö, þrjú vers og þeir stóðu fremst í því Túbals og Ólafur, báðir með fjarskalega góðar raddir og mér er ógleymanleg röddin hans Túbals, hún var einstaklega falleg. Í lok föstunnar fékk ég fimm krónur í gjöf frá Guðbjörgu fyrir þennan lestur. Það var í fyrsta sinn sem ég fékk borgað fyrir lestrarstörf og fannst mér nú gott að ég skyldi hafa gert það.

Ég læt fylgja með nokkrar sögur á léttari nótnum.

Í austurbænum í Múlakoti var ungur piltur, ég held að hann hafi verið tveimur árum eldri en ég og okkur fór að detta það í hug á kvöldin að spila inni í stofu og þetta gekk ágætlega þrjú kvöld. Við spiluðum þarna, ég man ekki hvort við spiluðum Ólsen Ólsen eða Marías og hlógum náttúrulega eins og gengur og gerist, en þá kom Guðbjörg og hún sagði að það væri svo mikil fjósalykt af drengnum að það væri bara ekki hægt að hafa hann í húsinu. Ég hafði ekki fundið eina einustu fjósalykt en þar með var þessu sambandi lokið. Hvort hún hefur haldið að ég væri í einhverri hættu veit ég ekki en svona gekk það til.

Ég læt aðra sögu fljóta með. Þannig var að hann Reynir minn blessaður tók nú stundum upp á ýmsu og einhvern tíma gerði hann það skammarstrik að pabbi hans verður alveg æfur og segir honum að fara til fjandans. Mér alveg krossbrá, hafði bara aldrei heyrt svona orðbragð en það leið ekki á löngu þar til piltur fer og nær sér í hest og leggur hnakk á hestinn og galar til mín: „Biður þú ekki að heilsa?“ „Til fjandans?“ segi ég. „Neeei.“ Þá segir hann „Nei, ég að fara út að Miðkoti.“ Auðvitað bað ég fyrir kveðju þangað. Svo kom hann aftur seinnipart dagsins og þá var allt gleymt.

Þegar ég hugsa um Múlakotsheimilið þá er mér svo minnisstætt að sjá hvað þar var allt sérstakt. Þarna var alltaf fullt af gestum og hvað sem komu margir þá var svo mikil gleði yfir því og það var svo stórkostlegt að upplifa þetta.

Þegar ég var aðeins eldri þá fórum við unga fólk í Fljótshlíðinni inn í Þórsmörk og komum ósofin að mestu (hver sefur yfir bjarta vornóttina?), við fórum á hestum yfir vötnin og allt gekk þetta vel og við komum að Múlakoti, þar erum við drifin inn í kaffi. Við vorum orðin

Þannig að við hlógum að öllu. Maður hélt varla kaffinu í munninum við vorum orðin svo syfjuð og galsinn svo mikill en móttökurnar voru aldeilis ógleymanlegar. Þannig gekk þetta alltaf til, enda var þetta einstakt.

Þegar ég svo á orðið börn og buru þá förum við hjónin þarna mjög oft og ég hef heyrt dætur mínar sérstaklega tala um það að þetta hafi verið skemmtilegar stundir.

Þetta er nú bara svona í upprifjun og er náttúrulega ekkert í sögur færandi en ég ætla í lokin að lesa afmælisvísur sem hann Ólafur orti til hennar Láru, þær segja ákaflega mikið.

Til afmælisveizlunnar, elskan mín,
ég alla hollvætti kalla,
og dýrlegar perlur og djásn til þín
sem dropar úr lofti falla.
Þá bjartasta sól á brautu skín,
blessi þér daga alla.

Ég þakka þér, vina, þetta ár
og þakka þér alla daga.
Ég veit ég hefi þér vökvað brár
Og verið þér oft til baga.
En þú kannt að gleyma og græða sár
Og gleðja, prýða og laga.